

Við höfum hendur til að klappa með...

Lag: Boney M. – Brown girl in the ring. texti: starfsfólk Birkikots.

Við höfum hendur til klappa með,
Við höfum hendur til klappa með,
Hendur til klappa með
Og við klöppum öll saman í kór,



na na na na na.
na na na na na na.
na na na na na.
klapp klapp.

Við höfum fætur til stappa með,
Við höfum fætur til stappa með,
Fætur til stappa með
Og við stöppum öll saman í kór,



na na na na na.
na na na na na na.
na na na na na.
stapp stapp.

Við höfum rass til að dilla með,
Við höfum rass til að dilla með,
Rass til að dilla með
Og við dillum öll saman í kór,



na na na na na.
na na na na na na.
na na na na na.
dill, dill.

Við höfum augu til blikka með,
Við höfum augu til blikka með,
Augu til blikka með
Og við blikkum öll saman í kór,



na na na na na.
na na na na na na.
na na na na na.
blikk, blikk.

Við höfum munn til að tala með,
Við höfum munn til að tala með,
Munn til að tala með
Og við tölum öll saman í kór,



na na na na na.
na na na na na na.
na na na na na.
bla, bla.

Ég er rauður lítill héri

(Lag: Í leikskóla er gaman)

Ég er rauður lítill héri
og sjáið hvað ég geri.
Ég hoppa og skoppa

og sný mér svo í hring. **3**
Svo kann ég líka að klappa
með fótunum að stappa,
er ofsa klár að telja,
einn og tveir og þrír.



Líkamslagið

(lag : Gamli Nói)

Hvar er augað? Hvar er augað?

Sýndu mér það nú.

Hvað gerir þú með auga?

Hvað gerir þú með auga?

Blikka blikka - Loka loka - Horfa út um allt



Hvar er nefið? Hvar er nefið?

Sýndu mér það nú.

Hvað gerir þú með nefi?

Hvað gerir þú með nefi?

Blása blása - Snýta snýta - Lykta út um allt



Hvar er munnur? Hvar er munnur?

Sýndu mér hann nú.

Hvað gerir þú með munni?

Hvað gerir þú með munni?

Borða borða - Drekka drekka - Tala allan daginn.

